

**Nd.**

**476. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1934.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1934.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1934.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1934.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923, er frestað á árinu 1934.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1934.
7.  $\frac{1}{8}$  hluti þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 1. jan. 1934 til loka s. á. renna í rikissjóð. Sjóðnum skal skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er ríkisstjórnin tilnefnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.